

## 8. gr.

*Félagsíbúðadeild.*

Félagsíbúðadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs verkamanna, lánveitingar og önnur fjármál á vegum félagslega lánakerfisins og undirbýr tillögur um ráðstöfun þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til umráða.

## 9. gr.

*Verðbréfadeild.*

Verðbréfadeild annast umsjón með stöðu þeirra sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar, semur áætlanir um fjárförf þeirra á hverjum tíma, hefur eftirlit með útstreymi húsbrefa, undirbýr og gefur út nýja húsbrefaflokka í nafni Byggingarsjóðs ríkisins í samráði við húsbrefadeild, stuðlar að því að húsbref séu ávallt seljanleg á almennum markaði og útdrátt húsbrefa.

## 10. gr.

*Húsbrefadeild.*

Húsbrefadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs ríkisins, úrvinnslu aðsendra gagna vegna húsbrefalána og dagleg samskipti við þá aðila er annast greiðslumat fyrir einstaklinga vegna fyrirhugaðra húsbrefalána.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með vísan til 3. gr. laganna, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Elín S. Jónsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Liður 6.10.7.6 orðist svo:

Þegar gert er deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði og það hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 skal ákveða stærð mannvirkja og fyrirkomulag í skipulagsskilmálum, sbr. einnig gr. 6.10.7.5.

Þegar veitt er leyfi fyrir staka bústaði og ekki liggur fyrir deiliskipulag sbr. 1. mgr., skal stærð sumarbústaða vera mest 60 m<sup>2</sup> og meðallofthæð ekki minni en 2.20 m. Þá er unnt að heimila geymslu allt að 10 m<sup>2</sup> og bátaskýli allt að 15 m<sup>2</sup> þegar aðstæður gefa tilefni til.

Unnt er að heimila frávik frá ákvæðum 2. mgr. ef aðstæður gefa sérstakt tilefni til enda fáí leyfisumsókn þá málsmeðferð í samræmi við gr. 4.4 og 4.4.1 í skipulagsreglugerð.

Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri og skulu veggir og þök vera að minnsta kosti B30 og klæðningar í flokki 2. Þar sem sérstaklega stendur á má heimila þá úr öðru efni.

Í sumarbústaðahverfum á vegum launþegasamtaka eða starfsmannafélaga skal að minnsta kosti einn bústaður hverfisins vera hannaður þannig að hann henti hreyfihömluðum.

Í hverjum bústað skal vera hreinlætisaðstaða sem uppfyllir kröfur heilbrigðisreglugerðar.

## 2. gr.

Liður 7.4.9 orðist svo:

### 7.4.9 *Hljóðstig frá umferð.*

Reglur um hljóðstig samkvæmt þessari grein víkja fyrir ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með síðari breytingum, sbr. 7. kafla þeirrar reglugerðar og viðauka V.

Hljóðstig frá umferð er mælt og markgildi sett sem s.k. jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir heilan sólarhring. Viðmiðunargildin miðast við ákveðna tímadreifingu umferðarinnar, þannig að reiknað er með 7-8% næturumferð á stofnbrautum og tengibrautum, en um 4-5% næturumferð á safngötum og húsagötum. Næturumferð telst vera milli kl. 00:00 og 07:00.

Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8 dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofnbrautum og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) á safn- og húsagötum. Ef veruleg frávik eru á tímadreifingu umferðarinnar miðað við þessar forsendur, skulu viðmiðunargildin fyrir umferðarhávaðann breytast í samræmi við það.

Viðmiðunar- og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða mæld sem jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir sólarhring eru sem hér segir. (Leiðbeiningargildi eru innan sviga.):

	Gruntafla Nýskipulag	Frávik <sup>1)</sup>	
		I	II
<b>Innanhúss:</b>			
Íbúðarhúsnæði	30	40	30
Kennslu- og sjúkrastofur	30	35	30
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	50	40
<b>Utan við glugga:</b>			
Íbúðarhúsnæði	55 (45)	65	70/55 <sup>2)</sup>
Kennslu- og sjúkrastofur	55 (45)	60	70
<b>Útisvæði:</b>			
Útivistarsvæði í þéttbýli	55 (45)	65	
Sumarhúsabyggð	45 (40)	65	70

Viðmiðunargildin „innanhúss“ í töflunni miðast við lokaða glugga.

Viðmiðunargildin „utan við glugga“ í töflunni eru frísviðsgildi, annaðhvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

<sup>1)</sup> Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.

II Endurnýjun byggðar sem fyrir er.

<sup>2)</sup> 70/55 merkir að viðmiðunarkraftan um 55 dB(A) utan við glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð, en fyrir önnur herbergi er leyfilegt hljóðstig utan við allt að 70 dB(A).

24. júní 1994

1175

Nr. 371

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 24. júní 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

24. júní 1994

Nr. 372

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld  
í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977.**

1. gr.

Í stað orðsins „Egilsstaðahreppi“ í heiti reglugerðarinnar og 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: Egilsstaðabæ.

2. gr.

4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1994.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

4. mars 1994

Nr. 373

## REGLUGERÐ

**um tíðnisvið fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu.**

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öruggri og hagkvæmri fjarskiptaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins með því að samræma tíðnisvið sem eru notuð fyrir þráðlausar fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa hugtök eftirfarandi merkingu:

a) *Almenn Evrópufarsímaþjónusta (GSM)* merkir almenna, stafræna, fjarskiptaþjónustu með hólfskiptum þjónustusvæðum sem komið er á samkvæmt sameiginlegri tækniforskrift og notandi þjónustunnar í einu aðildarríki EES getur fengið aðgang að henni í sérhverju öðru ríki sem er aðili að hinni samevrópsku farsímaþjónustu.